



Niðurstöður

Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027

Alls bárust fjórar umsagnir og voru þær frá Barnavernd Reykjavíkur, Öryrkjabandalagi Íslands, Félagsráðgjafafélagi Íslands og Barnaheillum. Almennt voru umsagnirnar jákvæðar og voru einnig nokkrar ábendingar. Öryrkjabandalag Íslands lagði til að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði hafður að leiðarljósi við gerð framkvæmdaáætlunar á sviði barnaverndar og að sérstaklega verði litið til stöðu fatlaðra barna. Barnaheill benti einna helst á að hugtakið „hegðunarvandi“ er neikvætt hlaðið og því hætta á ákveðinni stimplun við notkun þess. Barnavernd Reykjavíkur komu með góðar ábendingar varðandi heildarendurskoðun barnaverndarlaga, meðferðarúrræði utan meðferðarheimila, efling þjónustu í barnavernd og bætt verklag, og endurskoðun verklags fyrir fylgdarlaus börn. Ábendingarnar snúa helst að þáttum er varðar innleiðingu og framkvæmd aðgerða. Félagsráðgjafafélag Íslands lagði einna helst áherslu á að lokið verði við uppbyggingu meðferðarheimilis á höfuðborgarsvæðinu fyrir unglinga sem glíma við alvarlegan hegðunar- eða vímuefnavanda eða afplána fangelsisdóma. Félagið lagði jafnframt áherslu tryggð yrði eftirfylgni vegna innleiðingar verkefna sem fjallað er um í framkvæmdaáætluninni.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur farið yfir ábendingarnar og mun taka tillit til ábendinganna við innleiðingu og framkvæmd aðgerðanna. Athugasemd Öryrkjabandalags Íslands um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur t.a.m. verið bætt inn í textann. Brugðist hefur verið við varðandi ábendingu um hugtakið „hegðunarvandi“ og það hefur verið bætt við texta þingsályktunarinnar til nánari útskýringar þar sem hugtakið er notað.